

**Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. desember 2016, haldinn á skrifstofu FV á Ísafirði.**

**Mætt voru Pétur Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir, Margrét Jómundsdóttir, Jón Örn Pálsson og Sigurður Hreinsson. Fundinn sátu einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, Díana Jóhannsdóttir, Lína Björg Tryggvadóttir og Skúli Gautason.**

Auglýst dagskrá fundarins er sem hér segir.

1. Fundur með Verndarsjóði villtra laxa
2. Fundargerð stjórnarfundar 23. nóvember 2016
3. Fundur með landshlutasamtökum 12. desember
4. Greinargerð starfshóps Atvest og FV um tillögu að stofnun Vestfjarðastofu.
5. Markaðsstofa
  - a. Beiðni um framhald markaðsverkefnis sveitarfélaga.
  - b. Kjarnaveitur upplýsingamiðstöðva / DMP.
6. Sóknaráætlun Vestfjarða.
  - a. Fundur með stýrihópi 29. nóvember 2016Kynning á fundi
  - b. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða
    - i. Fjárhagsrammi úthlutunar 2017
    - ii. Endurskoðun reglna um útborgun styrkja.
7. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundir með sveitarfélögum.
8. Landshlutasamtök sveitarfélaga
9. Önnur mál
  - a. Íbúakönnun. samstarf við SSV
  - b. Dýrafjarðargöng. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis.
  - c. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um strandsvæðaskipulag

Formaður setti fundinn og kynnti að fresta yrði fundi með Verndarsjóði villtra laxa til næsta stjórnarfundar. Formaður óskaði síðan eftir breytingu á dagskrá að 5. liður á dagskrá yrði tekin til umræðu á eftir 2. lið. Tillagan samþykkt. Gengið til dagskrár.

**1. Fundargerð stjórnarfundar 23. nóvember 2016**

Fundargerð lögð fram til endanlegrar staðfestingar. Fundargerð samþykkt.

**2. Markaðsstofa**

**a. Beiðni um framhald markaðsverkefnis.**

Verkefnastjóri markaðsstofu kynnti að hluti sveitarfélaga hefði svarað formlegum hætti, erindi FV frá 17. nóvember s.l. á grunni samþykktar Markaðsráðs MV, í erindinu er sett beiðni um framhald markaðsverkefnis. Af svörum mætti ráða að ekki myndi skapast stuðningur við erindið en bíða þarf endanlegra svara. Máli frestað.

**b. Kjarnaveitur upplýsingamiðstöðva / DMP.**

Kynnt tillaga að samningi við Ferðamálastofu um stuðning við svæðisbundna þróun 2017. Samningurinn er tvíþættur og nær annars vegar yfir framkvæmd forgangsverkefna á sviði kjarnaveitna árið 2017 og er hins vegar stuðningur vegna aukinna umsvifa í tengslum við verkefni um stefnumarkandi stjórnunaráætlanir/DMP. Heildarfjárhæð samnings er kr 11.250.000. *Stjórn samþykkir heimild til staðfestingar samnings.*

Óskað eftir að veita heimild um verkefnaráðningu til eins árs á grundvelli fjármagns úr samningi við Ferðamálastofu. *Stjórn samþykkir heimild til verkefnaráðningar til eins árs.*

**c. Tillaga um stofnun svæðisráða vegna Vegvísis Áfangastaða (DMP)**

Lögð fram tillaga skipan á grundvelli erindis Stjórnstöðvar ferðamála. Tillagan er sem hér segir.

Markaðsstofa Vestfjarða: Markaðsfulltrúi sitji í ráðinu.

Ferðamálasamtök Vestfjarða: Tilnefni þrjá aðila, einn af hverju svæði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga: Tilnefni einn stjórnarmann.

Sveitarstjórnir: Sveitarstjórnir svæðisins tilnefni einn fulltrúa af hverju svæði (Norður, Suður, Strandir og Reykhólar). Sveitarfélögin komi sér saman um einn fulltrúa sem situr í ráðinu en tilnefni einnig tengiliði sem sá fulltrúi er í sambandi við til að tryggja aðkomu allra sveitarfélaganna.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða: Tilnefni einn aðila til að tryggja samhljóm við nýgerða Stefnumótun Vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020.

Verkefni svæðisráða er að vinna tillögu um fjölda áætlanna sem unnar eru innan svæðisins og val á verkefnastjóra/stjórum til að vinna verkefnið.

*Tillagan samþykkt.*

**3. Fundur með landshlutasamtökum 12. desember**

Kynnt dagskrá fundar sem haldinn var að frumkvæði FV og SSV um stöðu, hlutverk og framtíðarsýn landshlutasamtaka sveitarfélaga á skrifstofu SSH í Kópavogi.

Fundinn sóttu formenn og framkvæmdastjórar samtakanna og var niðurstaða fundarins að nauðsyn væri að ræða málin áfram og boða til nýs fundar.

**4. Starfshópur um framtíðarskipulag samstarfs FV og Atvest**

Lögð fram til kynningar fundargerð fundar starfshópsins frá 6. desember s.l..

Lögð fram greinargerð starfshópsins um stofnun Vestfjarðastofu, með eftirfarandi tillögu

*Samþykkt að leggja fyrir stjórnir Atvest og FV greinargerð starfshópsins með tillögu um stofnun Vestfjarðastofu. Óðinn Gestsson styður ekki álitid en vill að það verði lagt fram á fundum stjórnar.*

*Starfshópurinn hvetur stjórnir Atvest og FV hraði því að ná niðurstöðu um þetta mál, þannig að eigendur Atvest, aðildarsveitarfélög FV og starfsmenn hafi skýrar línur um framhald mála*

Formaður gerði tillögu um samþykkt.

*Stjórn FV samþykkir að hafin verið vinna að stofnun Vestfjarðastofu á grundvelli tillögu starfshópsins.*

Stjórn samþykkir að leita eftir heimild aðildarsveitarfélaga um kaup á hlutafé annarra hluthafa í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.

Framkvæmdastjóri óskaði að leita eftir kaupum á ráðgjöf um framkvæmd málsins.

## **5. Sóknaráætlun Vestfjarða.**

- a. Fundur með stýrihópi 29. nóvember 2016

Kynning á fundi

- b. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Menningarfulltrúi fór yfir undirbúning auglýsingar styrki Uppbyggingarsjóðs en auglýsing fór út þann 6. desember s.l.

- i. Tillaga um viðmið (skorkort) umsókna UV.

Menningarfulltrúi kynnti tillögu um matsþætti og vægi þeirra við mat á umsóknum Uppbyggingarsjóðs.

- ii. Fjárhagsrammi úthlutunar 2017

Tillaga. Fjárhagsrammi úthlutunar Uppbyggingarsjóðs verði sami og árinu 2016 eða 65 mkr með fyrirvara um niðurstöðu fjárlaga.

***Tillaga um skiptingu Uppbyggingarsjóðs (65 millj.) í potta:***

*1) Stærri verkefni (styrkir yfir eina milljón og tvö hundruð þúsund, óskipt milli nýsköpunar og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 25 millj.*

*2) Minni verkefni (styrkir allt að einni milljón og tvö hundruð þúsund, óskipt milli nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefna og menningarverkefna) – 20 millj.*

*3) Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana – 20 millj.*

*Lagt er til að styrkupp hæð sem nemur niðurfelldum styrkjum nú í ár, um 3 mkr, verði bætt við úthlutun næsta árs úr sömu pottum.*

- iii. Endurskoðun reglna um útborgun styrkja.

Menningarfulltrúi kynnti að minnisblað væri í undirbúningi um reglur varðandi útborgun styrkja, en hluti verkefna sem styrkt voru á þessu ári eru ekki hafin. Ekki eru til formlegar reglur um tímafresti um upphaf verkefnis og skil á gögnum. Lagt er

til að slíkar reglur verði settar, en einnig verði farið í áttak með eftirfylgni að hálfu ráðgjafa Atvest og FV og styrkþegum þannig aðstoðir við að hrinda verkefnum í framkvæmd. *Stjórn felur menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra að vinna drög að reglum og leggja fyrir stjórn.*

#### **6. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundir með sveitarfélögum.**

Minnispunktur frá fundum sveitarfélaga um stefnumörkun FV fram að 13. desember. Formaður gerði tillögu um að fresta þessum lið. *Tillagan samþykkt*

#### **7. Landshlutasamtök sveitarfélaga**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir SSA 29. nóv s.l., SASS nr 514, aðalfundargerð SASS v. 2016 og fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr 844.

#### **8. Önnur mál**

##### **a. Íbúakönnun. samstarf við SSV.**

Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild til að semja við SSV um gerð íbúakönnunar á meðal íbúa á Vestfjörðum. Markmiðið er að koma á reglulegum könnunum um viðhorf íbúa til búsetu á Vestfjörðum, þjónustu, þjónustuframboð og eftirspurn. Þróun vinnumarkaðar og þjónustusvæða. Könnunin nýtist í eftirfylgni með sóknaráætlun og í vinnu fyrir stefnumörkun svæðisins og getur stutt kröfugerð.

SSNV og SSS hafa samið við SSV um samskonar vinnu og látið vel af og með könnun á vegum FV yrði mögulegt að gera samanburð við þessi svæði og stöðu NV kjördæmis í heild.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að kostnaðaráætlun og fjármögnun. Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að ganga samninga við SSV en leggja endanlegan samning fyrir stjórn að nýju.

##### **b. Dýrafjarðargöng. Fundur með þingmönnum NV kjördæmis.**

Lögð fram yfirlýsing til staðfestingar frá fundi 7. desember s.l. með þingmönnum NV kjördæmis. Yfirlýsingin er sem hér segir;

*Sameiginlegur fundur þingmanna Norðvesturkjördæmis og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn í Reykjavík þann 7. desember 2017, er sammála um að hvergi verði hnikað né frestað fyrirhuguðu útboði á Dýrafjarðargöngum í janúar n.k.*

*Fyrir liggur forgangröðun verkefna í samgönguáætlun 2015-2018 og í ríkisfjármáláætlun 2017-2021 og er samstaða um að Dýrafjarðargöng verði fullfjármögnuð í fjárlögum 2017 og verkefnið haldi tímaáætlun með opnun gangnanna 2020.*

Formaður gerði að tillögu að stjórn FV ítrekaði ákveðin atriði málsins sem lið í umsögn um frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017. Framkvæmdastjóra falið að senda tillögu að efni umsagnar til stjórnar til staðfestingar.

*Tillagan samþykkt.*

**Umsögn um drög að frumvarpi til laga um strandsvæðaskipulag**

Lagt fram til staðfestingar tölvupóst frá 9. desember s.l. umsögn um drög að frumvarpi til laga um strandsvæðaskipulag, sem auglýst var á vef umhverfis og auðlindaráðuneytis þann 23. nóvember s.l.

*Stjórn staðfestir umsögn FV.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.35